

## Fundargerð 139. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands

139. / 22. fundur Heilbrigðisnefndar Austurlands  
haldinn símleiðis 7. febrúar 2018 kl. 9:00

Heilbrigðisnefndarmenn:

Jón Björn Hákonarson	Árni Kristinsson
Gunnhildur Imsland	Kristín Ágústsdóttir
Sandra Konráðsdóttir	

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson	Lára Guðmundsdóttir
-------------------	---------------------

Dagskrá:

1. Bókuð útgefin starfsleyfi .....	842
2. Málefni einstakra fyrirtækja / starfsstöðva .....	844
2.1. Loðnuvinnslur og hrognataka .....	844
2.2. VHE ehf. steypueiningaverksmiðja, Pálshöfða í Fellum .....	844
2.3. Rarik Garðarsvegi 15, Seyðisfirði .....	844
2.4. Aðveitustöð Rarik við Grímsársvirkjun .....	844
2.5. Gámavöllur á Höfn .....	845
2.6. Skeljungur hf. ....	845
2.7. Jöklaveröld .....	845
3. Neysluvatnsmál .....	845
4. Vinna milli funda .....	845
5. Framsal eftirlits .....	845
6. Málefni lífeyrissjóða .....	846
7. Önnur mál .....	846
7.1. Bílakaup .....	846
7.2. Fundadagatal 2018 .....	846
7.3. Önnur mál .....	846

### 1. Bókuð útgefin starfsleyfi

#### 700-701 Fljótshérað

- Fljótshérað**, kt. 481004-3220. Tímabundið starfsleyfi fyrir **áramótabrennur árána 2017-2020**. Ábyrgðarmaður: Kjartan Benediktsson, kt. 080273-5689. Leyfi útgefið 14.12.2017.
- Nord Marina ehf.**, kt. 610316-0930. Starfsleyfi fyrir **sölu á gistingu** fyrir allt að 10 manns að **Kaupvangi 2**. Leyfi útgefið 3.1.2018.
- Kjöt- og fiskbúð Austurlands ehf.** kt. 690813-1060. Breyting á starfsleyfi fyrir **matvöruverslun með vinnslu að Kaupvangi 23b**, breyttur rekstraraðili. Leyfi útgefið 9.1.2018.
- G. Kristín veitingar ehf.** kt. 520216-1030. Starfsleyfi fyrir sölu á veitingum á Egilsstaðaflugvelli. Leyfi útgefið 15.1.2018.
- Sámur Bónði ehf.** kt. 641296-2369. Starfsleyfi fyrir **litla matvælavinnslu og vatnsveitu á Aðalbóli í Hrafnkelsdal** Leyfi útgefið 15.1.2018.

- f) **Skógræktin**, kt. 590269-3449. Endurnýjun starfsleyfis fyrir **samkomuhald í Trjásafninu** í Hallormsstað. Leyfi útgefið 31.1.2018 og gildir til fjögurra ára.

#### 700-701 Fljótsdalshreppur

- g) **Fljótsdalshreppur**, kt. 550169-5339. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **almenningssalerni við Hengifossá**. Leyfi útgefið 22.1.2018.

#### 710 Seyðisfjarðarkaupstaður

- h) **Herðubreið Seyðisfirði sf.**, kt. 550517-0510. Breyting á starfsleyfi fyrir **samkomuhúsið Herðubreið** m.t.t. rekstaraðila. Leyfi breytt 14.12.2017.
- i) **Seyðisfjarðarkaupstaður**, kt. 560269-4559. Starfsleyfi fyrir **skólamötuneyti í Herðubreið**, Austurvegi 4. Leyfi útgefið 14.12.2017.

#### 720 Borgarfjarðarhreppur

- j) **Borgarfjarðarhreppur**, kt. 480169-6549. Tímabundið starfsleyfi fyrir **áramótabrennur árána 2017-2020**. Ábyrgðarmaður: Kári Borgar Ásgrímsson, kt. 120964-7049. Leyfi útgefið 13.12.2017.
- k) **Já sæll ehf.**, kt. 580509-1690. Starfsleyfi fyrir samkomu- og veitingastað með fullbúnu veitingahúsi í **Fjarðaborg**. Leyfi útgefið 30.1.2018.
- l) **Borgarfjarðarhreppur**, kt. 480169-6549. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **söfnun og flutning á úrgangi**. Leyfi útgefið 31.1.2018.

#### 730 Fjarðabyggð - Reyðarfjörður

- m) **Fjarðabyggð** kt. 470698-2099. Tímabundið starfsleyfi fyrir **leikskóla og mötuneyti með móttökueldhúsi í Félagslundi – Leikskólinn Lyngholt**. Leyfi útgefið 3.1.2018 og gildir til 3.1.2020.
- n) **Fjarðabyggð** kt. 470698-2099. Breyting á starfsleyfi fyrir **opin leiksvæði á Eskifirði**. Leyfi útgefið 9.1.2017.
- o) **Íslenska gámafélagið ehf.**, kt. **470596-2289**. Starfsleyfi vegna jarðgerðar á lífrænum eldhúsúrgangi frá heimilum og fyrirtækjum í starfsstöðinni á Hjallanesi 10-14. Leyfi útgefið 23.1.2018.

#### 740 Fjarðabyggð – Norðfjörður

- p) **F Hotels ehf.**, kt. 630410-0290. Starfsleyfi fyrir sölu á **gistingu og veitingasölu að Hafnarbraut 50**. Leyfi útgefið 4.1.2018.
- q) **F Hotels ehf.**, kt. 630410-0290. Starfsleyfi fyrir **sölu á gistingu að Strandgötu 14**. Leyfi útgefið 4.1.2018.
- r) **Snyrtistofan Alda** kt. 090382-3149. Tímabundið starfsleyfi fyrir **snyrtistofu að Hafnarbraut 4**. Leyfi útgefið 17.1.2018.

#### 780-785 Hornafjörður.

- s) **Trölliferðir ehf.**, kt. 430316-1760. Tímabundið **starfsleyfi fyrir starfsmannabúðir** í Sandaseli, Skaftafelli 785 Örfum. Leyfi útgefið 19.12.2017 með gildistíma til 19.12.2018.
- t) Þorrablótsnefnd Suðursv/Mýra, kt. 620103-2330. Tímabundið starfsleyfi fyrir **þorrablót á Hrollaugsstöðum** þann 3.2.2018.
- u) **Fjöltnir Torfason**, kt. 011052 – 2749. Breyting á starfsleyfi fyrir **vatnsveitu** fyrir Breiðabólstað og Hala. Leyfi útgefið 25.1.2018.
- v) **Vatnsveita Mýrahrepps**, kt. 670301-3380. Breyting á starfsleyfi fyrir **vatnsveitu** Mýra. Leyfi útgefið 29.1.2018.
- w) **Litlahorn ehf.**, kt. 510872-0299: Tímabundið starfsleyfi fyrir **sölu gistingar fyrir allt að 10 gesti í fjórum sérútbúnum gistigámum** á Litlahorni. Leyfið gildir til 20.12.2018 til samræmis við stöðuleyfi skipulagsyfivalda. Leyfi útgefið 31.1.2018.

- x) **Anna María Ragnarsdóttir**, kt. 090761-4129. Breyting á starfsleyfi fyrir **vatnsveitu í Freysnesi**. Leyfi útgefið 1.2.2018.
- y) **Vatnajökulsþjóðgarður**, kt. 441007-0940. Breyting á starfsleyfi fyrir **vatnsveitu í Þjóðgarðinum í Skaftafelli**. Leyfi útgefið 1.2.2018.
- z) **Vegagerðin**, kt. 680269-2899. Tímabundið starfsleyfi fyrir **starfsmannabúðir við Hnappavelli í Öræfum** vegna byggingar brúa við Hólá og Stígá í Öræfum. Starfsleyfi útgefið 1.2.2018.
- aa) **Hótel Smyrlabjörg ehf.**, kt. 540301-2120. Breyting á starfsleyfi fyrir **vatnsveitu á Smyrlabjörgum**. Leyfi útgefið 1.2.2018.
- bb) **Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.**, kt. 410693-2169. Tímabundið starfsleyfi til að **bora tvær rannsóknarholur**, ASK-131 og ASK-132 í landi Hoffells á Mýrum. Leyfi útgefið 17.12.2017 og gildir til 28.2.2018.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu allra ofangreindra starfsleyfa.*

## 2. Málefni einstakra fyrirtækja / starfsstöðva

### 2.1. Loðnuvinnslur og hrognataka

Á loðnuvertíðum undanfarin ár hafa orðið mengunaróhöpp sem rekja má til vinnu við hrognatöku og frystingu og hrognum hjá sjávarútvegsfyrirtækjum á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlands. Heilbrigðisnefnd beinir þeim tilmælum til þeirra fyrirtækja sem um ræðir að þau hugi að mengunarvörnum og hagi starfssemi sinni á þann hátt að sem minnst hætta sé á því að fita eða önnur mengandi efni lendi úti umhverfið.

### 2.2. VHE ehf. steypueiningaverksmiðja, Pálshöfða í Fellum.

Fráveita frá fyrirtækinu hefur árum saman verið í ólestri og tilmælum um úrbætur hafa verið að engu hafðar sem og kröfubréf og bókun á fundi heilbrigðisnefndar um úrbætur fyrir mitt ár 2017.

Erindi barst frá fyrirtækinu þann 24.1.2018 þar sem gert var grein fyrir úrbótum.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir að núverandi rotþró verði lokað, þannig að að hún virki sem safntankur. Þetta skal gert fyrir 1.6.2018. Samþykkt er að tankurinn verði þjónustaður skv. tillögum fyrirtækisins. Þó þarf að vakta tankinn og tryggja að ekki flæði yfir. Önnur atriði í úrbótatillögunni eru einnig samþykkt.*

### 2.3. Rarik Garðarsvegi 15, Seyðisfirði

Þann 30.12.2015 var fyrirtækinu ritað bréf til að minna á kröfur í starfsleyfi.

Fyrirtækinu var veittur frestur til lagfæringa til 27.6.2016. Í nóvember 2017 var staðfest á vettvangi að engar úrbætur hafa verið gerðar. Fyrirtækinu var ritað bréf þann 3.1.2018 og gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri fyrir fund heilbrigðisnefndar.

*Heilbrigðisnefnd átelur Rarik fyrir að svara ekki erindinu og veitir lokafrest til 1.apríl n.k. til að svara erindinu. Hafi svör ekki borist fyrir þann tíma mun heilbrigðisnefnd íhuga að beita þvingunarúrræðum.*

### 2.4. Aðveitustöð Rarik við Grímsárvirkjun

Starfsemi er löngu hafin, starfsleyfisumsókn hefur ekki borist þrátt fyrir ítrekanir þar um nú síðast með bréfi dags. 3.1.2018.

*Heilbrigðisnefnd átelur að ekki hafi borist starfsleyfisumsókn og hvetur fyrirtækið til að sækja um starfsleyfi eigi síðar en fyrir næsta heilbrigðisnefndarfund.*

## 2.5. Gámavöllur á Höfn

Sveitarfélagið Hornafjörður er með starfsleyfi fyrir starfsemi á gámavellinum á Höfn. Íslenska gámafélagið hefur sótt um að starfsleyfið verði flutt á kennitölu fyrirtækisins. Enn er ekki búið að girða lóð fyrirtækisins, tengja yfiryllivörn við olíuskilju eða ganga frá lagnamálum. Vegna brota á starfsleyfinu hefur verið dregið að breyta um rekstaraðila. ÍGF hefur óskað eftir að útgáfa á starfsleyfinu verði dregin. Sveitafélagið hefur óskað eftir fresti til 1.6. n.k. til að ljúka úrbótum.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita umbeðinn frest til 1.6 n.k.*

## 2.6. Skeljungur hf.

Fyrirtækið Skeljungur hf. hefur kynnt áform um að setja niður fituskilju við söluskála í þeirra eigu skv. eftirfarandi plani:

2018 Egilsstaðir Fagradalsbraut og Freysnes

2019 Reyðarfjörður, Seyðisfjörður, Fáskrúðsfjörður

*Heilbrigðisnefnd samþykkir fram lögð áform fyrirtækisins.*

## 2.7. Jöklaveröld

Frestur til að skila inn tímasettri áætlun um hvernig fyrirtækið hyggst uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 840/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er varðar heilnæmi baðvatns, rann út í lok janúar 2018. Fyrirtækið óskaði eftir fresti til loka febrúar 2018 til að skila inn úrbótaáætlun.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir framlengdan frest.*

## 3. Neysluvatnsmál

Í reglubundnu eftirliti með vatnsveitum sveitarfélaga að undanfögnu hafa verið gerðar athugasemdir við skort á gögnum varðandi innra eftirlit.

*Heilbrigðisnefnd hvetur þau sveitarfélög sem um ræðir að bregðast við framkomnum athugasemdum og taka upp virkt og sýnilegt innra eftirlit sem fyrst. Starfsmönnum HAUST er falið að fylgja málinu eftir.*

## 4. Vinna milli funda

Umsagnir um skipulag

- a. Umsögn um breytingu á skipulagi Hornafjarðar vegna virkjunar í Birnudal.
- b. Umsögn um kynningu á skipulagslýsingu vegna deiliskipulags fyrir nýja aðveitustöð RARIK við Breiðdalsvík.

Til skipulagsstofnunar

- c. Umsögn um matsáætlun vegna efnistöku úr sjó, allt að 600 þús. m<sup>3</sup>, við Eyri, Reyðarfirði, 19.12.2017.

Umsagnir um gjaldskrár sveitarfélaga

- d. Umsögn um breytingu á gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð.

## 5. Framsal eftirlits

Samningur milli UST og HAUST frá október 2015 hefur verið framlengdur til ársloka 2019. HAUST mun því áfram fara með eftirlit með sorpförgun, spilliefnamóttöku og fiskimjölsværsmiðjum á starfssvæðinu í umboði UST eins og verið hefur.

*Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju sinni með þessa framlengingu og minnir jafnframt á að heilbrigðiseftirlit getur tekið að sér hin ýmsu verkefni fyrir aðrar eftirlitsstofnanir.*

## 6. Málefni lífeyrissjóða

Vegna breytinga á lögum sem varða jöfnun lífeyrisréttinda landsmanna hafa lífeyrissjóðirnir sent opinberum aðilum reikninga. HAUST hafa borist reikningar frá nokkrum lífeyrissjóðum samtals uppá rúma 1,8 millj. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun ársins 2018.

*Heilbrigðisnefnd felur frkvstj. að ganga frá ofangreindu samkomulagi um uppgjör við lífeyrissjóðina.*

## 7. Önnur mál

### 7.1. Bílakaup

Mitsubishi Outlander tvin bíll keyptur 2. janúar 2018. Kostnaður 4,6 milljónir sem er innan ramma í fjárhagsáætlunar.

### 7.2. Fundadagatal 2018

Lögð var fram eftirfarandi tillaga að fundadagatali 2018.

21. mars símfundur

2. maí snertifundur Seyðisfirði

27. júní símafundur

12. september snertifundur

*Stefnt að aðalfundi eftir miðjan október*

12. desember símafundur

### 7.3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 9:35

Fundargerðin færð í tölvu og send fundarmönnum í tölvupósti til staðfestingar. Fundargerðin verður undirrituð á næsta snertifundi.

\_\_\_\_\_  
Jón Björn Hákonarson

\_\_\_\_\_  
Árni Kristinsson

\_\_\_\_\_  
Gunnhildur Imsland

\_\_\_\_\_  
Sandra Konráðsdóttir

\_\_\_\_\_  
Kristín Ágústsdóttir

\_\_\_\_\_  
Leifur Þorkelsson

\_\_\_\_\_  
Lára Guðmundsdóttir